

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hrafnkell Proppé
Hamraborg 9
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. nóvember 2014
Tilvísun: UST20140900147/ksj

Tillaga að endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu

Vísað er til erindis svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins er barst 26. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Erindinu fylgja eftirfarandi gögn: Tillaga að afmörkun verndarsvæða vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar, tillaga að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar og greinargerð um heildarendurskoðun.

Tillaga að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett sé stefna inn í tillögu að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla um að aðföng s.s. byggingarvörur og aðrar vörur sem þarf til nauðsynlegra framkvæmda vegna vatnstöku séu ætíð valdar með það í huga að ekki hljótist mengun af nýtingu þeirra og að vörurnar séu umhverfisvottaðar ef þess er kostur.

Í 1. gr. í ofangreindri tillögu kemur fram að ákvæði 3. gr. um brunn- og grannsvæði gildi ekki um einkavatnsból og vatnsból fyrir staðbundna starfsemi. Að mati Umhverfisstofnunar ætti heilbrigðisnefnd að vera heimilt að afmarka brunn- og grannsvæði í slíkum tilvikum.

Í 3. gr. er í 3.3 fjallað um brunnsvæði. Þar segir : "Við afmörkun brunnsvæða er einnig tekið tillit til jarðfræðilegra greininga og staðbundinna aðstæðna svo sem yfirborðsvatnaskila." Að mati Umhverfisstofnunar ætti hér að bæta við og niðurdráttar.

Í 4. gr. kemur fram að samþykktin nái til hvers konar athafna eða framkvæmda sem geti haft áhrif á gæði grunnvatns á tökustað. Að mati Umhverfisstofnunar er þessi skilgreining of þróng, t.d. ef framkvæmdaraðili teldi sig vera svo langt frá tökustað að möguleg mengun hefði dreifst nægilega er að vatnstökustað kæmi. Einnig bendir stofnunin á að gr. 4 sé takmarkaðri hvað verndun varðar en 1. og 2. gr. tillögunnar.

Í 5. gr. ætti að mati Umhverfisstofnunar að koma fram að eftirlit með samþykktinni sem tillagan nær yfir fari einnig eftir lögum nr. 93/1995 um matvæli.

Í 7. gr. ætti að mati stofnunarinnar fyrsta setningin að vera eftirfarandi, viðbætt orð skáletruð: Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæða á höfuðborgarsvæðinu mynda sameiginlega framkvæmdastjórn í *umboði heilbrigðisnefnda* og skipta með sér verkum á tveggja ára fresti. Einnig kemur fram að hlutverk stjórnar sé að tryggja upplýsingaflæði á milli heilbrigðisnefnda og samræma vinnubrögð við leyfisveitingar innan vatnsverndarsvæða. Umhverfisstofnun bendir á að innan vatnsverndarsvæðanna eru 7 friðlýst svæði og eru allar framkvæmdir innan þeirra háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Í 8. gr. ætti að mati stofnunarinnar að bæta við orðinu umferð á eftir framkvæmdum, þá væri setningin eftirfarandi: Brunnsvæði skal algjörlega friðað fyrir framkvæmdum, *umferð* og starfsemi o.s.frv.

9. gr. ætti að mati stofnunarinnar að hefjast svo, viðbætt orð skáletruð: Vatnsveitur afla starfsleyfis hjá heilbrigðisnefnd *fyrir vatnstöku*.

Í 10. gr. þyrfti upphaf greinarinnar að vera eftirfarandi að mati stofnunarinnar, viðbætt orð skáletruð: Afla þarf leyfis heilbrigðisnefndar til verklegra framkvæmda og skal við þær framkvæmdir farið eftir ákvæðum samþykktarinnar og viðbragðsáætlana settra skv. *henni*. Heilbrigðiseftirlit skal setja sértæk starfsleyfisskilyrði *fyrir vatnsveitur* eftir því sem við á.

Í 11. gr. kemur fyrir hugtakið tímabundið starfsleyfi. Að mati Umhverfisstofnunar skortir skyringu á því hvað tímabundið starfsleyfi er, og bendir stofnunin í því samhengi á, að yfirleitt eru öll starfsleyfi bundin tíma.

Í 12. gr. þarf að bæta við síðustu setninguna og þá verður hún eftirfarandi eftir breytinguna: Ennfremur skal flutningsaðili sem annast tæmingar hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd *til tæmingar inni á brunnsvæðum*.

Í 13. gr. þyrfti að mati Umhverfisstofnunar að koma fram að starfsleyfi sé vegna vatnstöku, tillaga að breytingu skáletruð: Um girðingar, mannvirki, búnað, framkvæmd vinnu, meðferð varasamra efna, viðbragðsáælanir vegna mengunaróhappa og umhirðu og frágang mannvirkja skal fjallað nánar í starfsleyfi viðkomandi vatnsveitu og í innra eftirliti *hennar vegna vatnstöku*.

Í 15. gr. ætti að mati stofnunarinnar, seinni setning að hljóða svo, tillaga að breytingu skáletruð. "Önnur landnot eru einkum til útvistar enda falli þau að forsendum vatnsverndar, sbr. *ákvæði í gr. 1, 2 og 4*.

Að mati Umhverfisstofnunar er 16. gr. tillögu að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla ekki nægilega skýr. Skýra þarf betur hvaða svæði er átt við.

17. gr. Að mati stofnunarinnar þarf að skilgreina hvað fullnægjandi mótvægisadgerðir eru svipað og gert er með ýmis hugtök í 3. gr. Að öðrum kosti er 17. gr. óskýr.

Við 18. gr. þyrfti að bæta við eftirfarandi, tillaga að breytingu skáletruð: Notkun á vegsaltı og

öðrum hálkuhamlandi eða rykbindandi esnum er háð samþykki heilbrigðisnefndar *að fenginni umsögn framkvæmdastjórnar*. Að mati Umhverfisstofnunar ætti aðeins að leyfa vatn til rykbindingar á ofangreindum svæðum.

Í 19. gr. kemur fram að vegagerð og viðhald vega á svæðinu sé háð framkvæmdaleyfi heilbrigðisnefndar o.s.frv. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem innan vatnsverndarsvæða eru 7 friðlýst svæði, að allar framkvæmdir á friðlýstum svæðum eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Í 20. grein er eftirfarandi óljóst að mati stofnunarinnar: og til samþykktar og skipulagðrar nýtingar svæðisins til almennrar útivistar. Hvað er skipulögð nýting? Er hér það nýting skv. gildandi skipulagi svæðisins eða e-ð annað?

Í 21. gr. þarf að kveða fastar að orði að mati stofnunarinnar, seinni setningin yrði þá eftirfarandi, tillaga að breytingu skáletruð: Áningastaðir í og við Heiðmörk skulu hafðir sem fjærst brunnsvæðum *og utan beinna straumstefna að vatnstökustað*.

Í 22. gr. er fjallað um akstur utan vega ef um bráð öryggismál er að ræða o.s.frv. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 17.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er bannað að aka utan vega. Í reglugerð nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands er upptalning á þeim störfum sem, ef nauðsyn krefur gefa heimild til að aka utan vega.

26. gr. er óljós og þyrfti að orða skýrar að mati Umhverfisstofnunar.

27.gr. Að mati Umhverfisstofnunar er með setningunni: "Notkun tilbúins áburðar er eingöngu heimil í undantekningartilvikum" verið að opna á notkun tilbúins áburðar án starfsleyfis ef viðkomandi framkvæmdaraðili metur hana nauðsynlega. Að mati stofnunarinnar þarf notkun tilbúins áburðar að vera bundin í starfsleyfi eða háð leyfi heilbrigðisnefndar.

Í 29. gr. í ofangreindri tillögu er fjallað um að notkun plöntulyfja, örgresisefna, stýriefna, útrýmingarefna og annarra efna sé einungis heimil til heimilsnota innan grannsvæða. Að mati Umhverfisstofnunar eru hagsmunir um hreinleika vatns það miklir að banna ætti slík efni á grannsvæði nema í neyðartilvikum og þá skv. tillögu framkvæmdastjórnar. Ef nauðsynlegt þykir að leyfa þau til heimilisnota ætti að vera í tillögu að samþykkt um verndarsvæði, stefna um að slík efni séu umhverfisvottuð.

Í 37. gr. er vísað í 35. gr. Umhverfisstofnun telur að ætlunin sé að vísa í 36. gr.

Í 41. gr. kemur fram að við uppbyggingu nýrri og eldri vega á fjarsvæðum beri að líta til reglna um nýja vegi. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að koma fram hyaða nýju reglna hér er verið að vísa til.

Í 42. gr. þarf að bæta við að ef áætlaðar framkvæmdir eru á friðlýstum svæðum þá séu þær háðar leyfi Umhverfisstofnunar.


Í 49. gr. er umfjöllun um fjarsvæði og þar segir að heimila megi notkun tilbúins áburðar í undantekningartilvikum. Þetta er eiginlega strangara ákvæði um tilbúinn áburð en er fyrir grannsvæði en þar segir: "Notkun tilbúins áburðar er eingöngu heimil í undantekningartilvikum". Að mati Umhverfisstofnunar þarf að samræma ákvæði fyrir grann-


og fjarsvæði hvað varðar notkun tilbúins áburðar.

Í 54. gr. er fjallað um búfjárhald á fjarsvæðum. Þar segir: "Við búfjárhald skal gætt góðrar umgengni." Umhverfisstofnun bendir á að til eru starfsreglur um góða búskaparhætti sem voru teknað saman af starfshóp um meðferð úrgangs frá landbúnaði og voru gefnar út árið 2002, sem ætti að vísa til. Sjá einnig gr. 66.

Í grein 57. kemur fyrir hugtakið forsendur vatnsverndar sem skortir skilgreiningu á sjá einnig tillögu um breytingu á 15. gr.

Í 73. gr. í ofangreindri tillögu er fjallað um Bláfjallafólkvang sem er friðlýst svæði frá 21. mars 1973. Umhverfisstofnun bendir á að auk Bláfjallafólkvangs eru 6 önnur friðlýst svæði innan vatnsverndarsvæðanna. Stofnunin bendir á að allar framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, þ.m.t. framkvæmdir, rannsóknir og ljósmynda- og kvíkmyndatökur sbr. lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig bendir stofnunin á að leyfi stofnunarinnar þarf til að framkvæma mótvægisáðgerðir ef slíkar eru nauðsynlegar, þannig að sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar fyrir öllum framkvæmdum þar sem hætta er á að spilt verði friðlýstum náttúrumínjum.


Virðingarfullst
Tryggvi Þóðarson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur